



SPARISJÓÐIRNIR OG SJÁLFASTÆÐI BYGGÐANNA

**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi í tilefni af
120 ára afmæli Sparisjóðs Svarfdæla
Dalvíkurskóla
1. maí 2004**

Ágætu Dalvíkingar, Svarfdælingar
og aðrir góðir gestir.

Það er vel til fundið að efna til málþings á merkum baráttudegi verkafólks til að ræða hér á Dalvík sögu og hlutverk sparisjóða í framfarasókn þjóðarinnar, veigamikinn og stundum vanmetinn þátt þeirra í baráttu Íslendinga fyrir framförum, fullveldi og sjálfstæði á liðnum öldum, og meta hlutdeild þeirra og annarra öflugra fjármálastofnana í umbreytingunum sem við blasir að setja munu sterkan svip á öldina sem nú er nýhafin. Og ekki er síður ánægjulegt að eiga þess kost að fagna með ykkur afmælisdegi í langri sögu Sparisjóðs Svarfdæla, sögu sem nú telur stórt hundrað og felur í sér lýsingu á hlutdeild sparisjóðsins í árangri, velferð og velmegun íbúanna.

Nítjándi öldin var íslenskri þjóð erfið; hart var í ári, kuldi og fjárfellir, fátækt og sjúkdómar, fólksflótti vestur um haf. Við þennan þrönga kost fæddust hugsjónir um bjartari framtíð, stofnuð voru lestrarfélög og sveitablöð, samvinnufélög og búnaðarfélög og síðast en ekki síst vöknúðu hugmyndir um fjármálastofnanir í heimabyggð. Jón Sigurðsson og aðrir liðsoddar í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga fjölluðu um það í ræðu og riti hve brýnt væri að efla innlendan sparnað og afla fjár til nauðsynlegra framfara.

Fyrst var hreyft hugmyndum um sjálfstæðar innlendar fjármálastofnanir í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1850 en áhuginn var lítill og málið dagaði uppi. Á Þingvallafundinum 1853 var samþykkt bænaskrá til Alþingis um að „leggja á hagkvæm og hentug ráð til þess að nægir peningar fengist í landinu.“ En Alþingi og stjórnvöld voru svifasein í

Þessum efnum allt fram að stofnun Landsbankans 1887 eins og Haraldur Hannesson segir í ágætri samantekt sinni um upphaf sparisjóða á Íslandi, en hún birtist í fróðlegu riti Sparisjóðs Svardæla á aldarafmæli Sparisjóðsins.

Frumkvæðið um framtíðarskipan peningamála í landinu kom svo sannarlega frá héruðunum. Fyrstu tilraunir til stofnunar sparisjóða upp úr miðri 19. öld runnu þó út í sandinn; elsti sparisjóðurinn er að niðurstöðu Gunnars Karlssonar sagnfræðings „Sparnaðarsjóður búlausra í Skútustaðahreppi“ sem stofnaður var hinn 8. maí 1858 á Grænavatni. Má það vera táknrænt um framfaraviðleitni íslenskrar alþýðu að það skyldu veru fátækir þingeyiskir vinnumenn sem stofnuðu fyrsta sparisjóðinn. Sá sjóður varð þó ekki langlífur og kom þar helst til skortur á lausafé í Mývatnssveit. Elstu sparisjóðirnir sem lifðu voru Sparisjóður Reykjavíkur sem stofnaður var árið 1872 en sameinaður Landsbankanum þegar hann var stofnaður árið 1887, og Sparisjóður Siglufjarðar sem stofnaður var hinn 1. janúar árið 1873 og vinnur hann enn að framfaramálum í sinni heimabyggð. Sparisjóður Svarfdæla var svo stofnaður tíu árum seinna og fagnar því nú 120 ára afmæli sínu.

Jón Sigurðsson gerði sér glögga grein fyrir því að öflugt fjármálakerfi væri þjóðinni lífsnauðsyn. Hún þyrfti sjálfstæðar fjármálastofnanir sem eftt gætu innlendan sparnað og beint honum í arðsama uppbyggingu á atvinnulífi. Á síðustu tugum 19. aldar þegar samfélagið var hrifið úr kyrrstöðu aldanna og þeytt í iðukast nútímans stigu íslenskar fjármálastofnanir sín fyrstu skref og áttu síðan ríkan þátt í að ýta úr vör atvinnubyltingunni sem skóp undirstöður íslenskrar velferðar á okkar tímum. Þær tengdust sjálfstæðisbaráttunni sterkum böndum; sparisjóðirnir voru í reynd sjálfstæðisyfirlýsing héraðanna, lýðræðislegur vettvangur íbúanna; í starfi þeirra birtist sá samtakamáttur fólksins sem skilaði þjóðinni stórum áföngum á framfarabraut.

Sparisjóðirnir voru virkir þáttakendur í að skapa og móta samfélagið sem smátt og smátt markaði Íslendingum sérstöðu í veröldinni, gerði okkur kleift að standast samanburð við aðrar þjóðir. Framlag sparisjóðanna féll þó stundum í skugga annarra framfaraspora í atvinnulífi þó þau ættu mörg hver skemmra líf: Alliance og Kveldúlfur, Íslandsbanki hinn eldri og Sambandið. Sparisjóðirnir eru enn kjarninn í lífsskilyrðum héraðanna víða um land, hafa fylgt byggðarlögunum gegnum þykkt og þunnt, súrt og sætt. Þótt skipan þeirra, eignarhald og hlutverk kunnir að vefjast fyrir sumum áhrifamönnum í Reykjavík þekkja íbúarnir í breiðum byggðum landsins vel til sparisjóðanna og skynja hið mikilsverða hlutverk sem þeir hafa gegnt í lífi og aðbúnaði, atvinnu og húsakosti fólksins heima í héruðunum.

Styrkur sparisjóðanna hefur jafnan verið náð samband þeirra við íbúa og atvinnulíf á landsbyggðinni. Þeir hafa oft verið betur hæfir en fjármálastofnanir í Reykjavík til að meta áhættu og arðsvon fyrirtækja á

heimavelli. Á tímum mikillar útrásar íslenskra banka og fjármálafyrirtækja, sóknar sem skipað hefur fyrirtæki sem á sterktar rætur í frjóum jarðvegi sparisjóðanna í fremstu röð á Norðurlöndunum er mikilvægt að hlúa að sparisjóðunum, tryggja þeim vaxtarskilyrði, því þeir munu enn um ókomna tíð vera burðarás í viðgangi fyrirtækja á landsbyggðinni.

Stuðningur við frumkvöðla í heimabyggð hefur oft gert gæfumun og gert þeim kleift að taka flugið á stærri völlum, stundum á alþjóðavettvangi og árangurinn oft orðið frægðarefni. Einnig hefur verið dýrmætur stuðningurinn sem sparisjóðir í heimabyggð hafa einatt sýnt einstaklingum og einyrkjum, hvort sem um var að ræða stuðning við fjölskyldur sem voru að eignast eigið húsnæði eða framlag til sjómanns sem ætlaði að kaupa bát og hefja eigin útgerð eða bónda sem vann að endurbótum á sínu býli. Slík framlög vógu kannski ekki þungt á vogaskálum fjármála þjóðbankanna en þau hafa verið og verða enn í framtíðinni mikilvægt framlag til raunverulegrar og árangursríkrar byggðastefnu, munu áfram skjóta traustum stöðum undir farsælt mannlíf víða um land.

Sparisjóður Svarfdæla hefur í 120 ár verið á fjölþættan hátt til hagsbóta fyrir íbúa Svarfaðardals og stuðlað að víðtækum framförum Dalvíkur og héraðsins alls. Hann hefur átt ríkan þátt í glæsilegri atvinnuuppbyggingu og eflt sjálfstæði byggðarlagsins, liðsinnt einstaklingum og fjölskyldum, og einnig stutt með ráðum og dáð menningarlíf og aðra fjölbreytni samfélagsins. Fyrir það allt ber að þakka á þessum tímamótum.

Ég met mikils að vera boðið að vera með ykkur á málþinginu hér í dag og taka þátt í öðrum hátíðarhöldum. Ég óska stjórnendum, starfsfólki og viðskiptavinum sjóðsins til hamingju með árangurinn og læt í ljósi þá von að héraðið megi um ókomna tíð njóta þess stuðnings sem Sparisjóður Svarfdæla hefur jafnan veitt.